

# Foreldraráðsfundur

## Brimver/Æskukot

Mættar eru: Sigríður Birna Leikskólastjóri, Vigdís formaður, Þóra Ósk varamaður og Elín Heiða ritari.

Elín Heiða ritaði fundargerð.

### 1. Starfsdagar skólaársins 2018 - 2019

Leikskólastjórar og skólastjórar í Árborg fundu 2. febrúar með fræðslustjóra og verður þar farið yfir starfsdaga næsta skólaárs. Starfsmenn Brimvers/Æskukots fara ekki í námsferð á þessu skólaári. Foreldraráð hafði eftirfarandi óskir varðandi starfsdaga:

- Óskað var eftir samræmingu leikskólans við BES.
- Óskað var eftir að einhverjir starfsdagar yrðu í samfloti við frídaga.
- Óskað var eftir að einum starfsdegi yrði skipt niður og dreift á 2-4 daga. Þannig að leikskólinn myndi þá t.d. loka kl 14 og starfsfólk gæti þá fundað frá 14-16.

### 2. Breytingar í foreldraráði

Vegna flutninga er Ína ekki lengur í foreldraráði og kemur Elín Heiða í hennar stað sem ritari.

Eins og segir í starfsreglum foreldraráðsins er æskilegt að í því séu fulltrúar frá öllum deildum. Enginn fulltrúi er frá Fiskakletti og ætlar leikskólastjóri að athuga hvort einhver í foreldrahópnum sé tilbúinn að taka þátt í starfi foreldraráðs.

### 3. Önnur mál

- Rætt var um fjölgun barna á leikskólanum, sérstaklega Brimveri og breytingar í starsmannahópnum.
- Búið er að skrá skólann í “Heilsueflandi leikskóli” sem er verkefni á vegum embættis landlæknis og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Innleiðing tekur nokkur ár.
- Starfsfólk skólans er að vinna að handbók byggða á þróunarverkefninu “Námsmat á mörkum skólastiga”. Sú vinna fléttast við uppfærslu skólanámskrárinnar.

- Á fjárhagsáætlun 2018 var veitt fjármagn til að hafa 4 tíma starfsmannafundi utan dagvinnutíma á árinu. Áhugi er fyrir því að nýta hluta starfsmannafunda í heilsueflandi skólastarf og þá með háherslu á heilsueflingu starfsmanna. Mikið álag hefur verið á starfsfólki á undanförunum misserum og var foreldraráð sammála því að það þurfi að hlúa að heilsu starfsfólks.

Fh. Foreldraráðs Brimvers/Æskukots  
Elín Heiða Þorsteinsdóttir